


Kynningarkver Heimspekkistofu dr. Helga Pjeturss



Heimspekkistofa dr. Helga Pjeturss
Veghúsastíg 7, 101 Reykjavík
Sími 91-627727, Fax 91-624646

Kynningarkver Heimspekkistofu dr. Helga Pjeturss

Heimspekkistofa dr. Helga Pjeturss
Veghúsastíg 7, 101 Reykjavík
Sími 91-627727, Fax 91-624646

Heimspekistofa dr. Helga Pjeturss

Heimspekistofa dr. Helga Pjeturss er sálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá af Dómsmálaráðuneytinu.

Stofnun hennar byggir á þeirri forsendu að kenningar dr. Helga Pjeturss um lífið, séu þær merkilegustu sem komið hafa fram á þessari öld, og hitt að þeim beri sess hinnar mestu heimspeki.

Dr. Helgi Pjeturss fæddist 31. mars 1872, en andaðist 28. janúar 1949.

Íslensk heimspeki

Árið 1919 kom út ritgerðin “Hið mikla samband”, fyrsta heftið í ritröðinni Nýall, eftir dr. Helga Pjeturss.

Fyrsta fullyrðingin í heimspeki Nýals er eftirfarandi:

“Það sem þúsundir miljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi er lífið á öðrum hnöttum”.

Með þessari kenningu afneitar hann tilvist annarrar víddar austrænnar heimspeki. Hann skiptir þeim hnöttum, þar sem þróast hefur líf, í frumlífs og framlífshnetti, þar sem hnöttur vor elur menn sem síðar eftir andlát hér á jörð lifa líkamlegu lífi á öðrum framlífshnöttum. Pessi fullyrðing er hluti af kenningu um heiminn, en hún hefur eftirfarandi sérstöðu innan heimspekinnar.

1. Hún leiðir af sér að heimurinn sé ein órofa heild, samsvarandi því að lífkerfið á hnetti vorum er ein heild, þrátt fyrir breytileik lífs mismunandi svæða á honum. Allt líf er á stjörnum og bundið efni. Aðrir lífheimar eru ekki til
2. Flytur líffræðina til annarra stjarna alheimsins.
3. Er kenning um samband lífsins í alheimi. Dr. Helgi Pjeturss skóp eftirfarandi hugtök um lífið: lífgeislan, mangan, lífssambandið milli stjarnanna, eðli svefn og drauma, fram vindustefnurnar tvær; lífsstefna og helstefna og stillilögþomalið.
4. Enginn einstaklingur lifir fósturskeiðið og fæðist af móður nema einu sinni, en líkamnast í framlífi á annarri stjörnu eftir andlát hér á jörð.

Pessi sérstæða heimspeki heitir **ÍSLENSK HEIMSPEKI**

Þó að til hafi verið menn fyrr á tíð sem trúðu á líf á öðrum stjörnum er hann þó óumdeilanlega fyrstur manna hér á jörð sem setur fram heildstæða kenningu um samband lífsins í alheimi og tengir það við líkamlegt framlífeinstaklingsins á öðrum stjörnum.

Störf dr. Helga Pjeturss

Á fyrri hluta þessarar aldar var dr. Helgi Pjeturss afkastamikill rithöfundur. Markaði hann nýjar kenningar á sviði jarðfræði og heimsfræði. Greinar hans í blöð og tímarit voru mikið lesnar, einnig Nýall eftir að útgáfa hans hófst 1919.

Þegar greinar hans um líf á öðrum stjörnum fóru að birtast og hann ritaði um fyrirburði sem hann hafði upplifað, fóru ýmsir að misskilja hann, sökuðu um dulrænu og slík skrif ætti engin markátakandi vísindamaður að bendla sig við.

Í ritgerðinni “Á annari stjörnu” í tímaritinu Ingólf 1914 gerir hann grein fyrir áhuga sínum á þeim málum:

.Ég hefi verið frásneyddur því sem menn nefna mystik, dulrænu eða dulspeki, og má heita það enn, þó að nú lesi ég dulræn rit með áhuga. En það er aldrei til þess að gleðjast yfir hinu óskiljanlega og dularfulla, heldur af því að nú hefi ég eigin athuganir til samanburðar, og sé glögt, að margt af því sem áður hefir verið talið óskiljanlegt og trúarátriði, má setja í samband við þá vísindalegu þekkingu sem þegar er fengin, og færa þannig út svið vísindanna. Mun ég í einu og öðru og jafnvel í aðalatriði, hafa á móti mér bæði trúmenn og vísindamenn; hina fyrrnefndu m.a. af því að þeir eru hræddir um að hugarfar eins og mitt, stefni að því að svifta þá einhverju sem þeim er dýrmætt; en það er ætlun mín, að engin trú hafi nokkurntíma skapað sér eins glæsilegan “annan heim”, eins og þessi heimur mun verða, einnig oss, ef vér fórum rétta leið. En hver sú leið, sem ekki er leið sannleikans, mun fyrr eða síðar verða ófær.

Vísindamönnum er aftur illa við heilaspuna og hjátrú, og ef þeir sumir heyra nefndar æðri verur og ódauðleika, þá verða þeir undireins hræddir um að þar sé einhver viðleitni til að halda aftur í miðalda áttina, til andlegs ófrelsis og þess hræðilega niðurdreps fyrir mannkynið, sem af slíku leiðir. En ekki er hér slíkt að óttast; vil ég láta meta gildi hverrar skoðunar eftir því, hvernig verkfæri hún er til rannsókna, hvernig leið til skilningsauka. Koma hér að vísu til greina sum þau efni, sem mjög erfitt er að rannsaka fyrir einn, og samtaka þarf við. Og einkum ríður á að menn geti litið á slíka viðleitni án óvildar, eða mjög óbifanlegrar vissu um, að ekki sé hér verið á eða nálægt réttri leið. Það er t.a.m. afleitlega óvísindalegt að vera sannfærður um að það sé rugl hjá mér að vera að tala um íbúa annara hnatta.

Þeir voru líka margir sem rituðu af skilningi um brautryðjandann í alheimsskilningi dr. Helga Pjeturss.

Má þar nefna nöfn eins og skáldið Jóhannes úr Kötlum, stjórmálamennina Jónas Jónsson og og Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseta.

Einn af þeim ritsnillingum sem fjallaði um heimsfræði Nýals var Guðni Jónsson, síðar prófessor við Háskóla Íslands.

Árið 1927 reit hann greinina “Nýall. Hvert stefnir?” í tímaritið Skeggja í Vestmannaeyjum.

Eftirfarandi kafli er úr þeirri ritgerð:

Meginhugsunin í kenningum Dr. Helga Pjeturss, verður ljósast sögð með hans eigin orðum: “Pað sem þúsundir miljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum”, (bls 1). Á þessari frumhugsun er heimspeki hans byggð og kenningar þær hinar nýju er Nýall flytur. Og bókin gengur út á að sanna þetta á vísindalegan hátt og jafnframt að sýna, hversu mikilvægt þroskaskilyrði það er fyrir mannkynið, að öðlast þessa vitneskju - og veita henni viðtöku.

En mikilvægasta atriðið er hugmyndin um “hið mikla samband”, þessi hugmynd, sem er hvort tveggja í senn hin fegursta og stórfenglegasta, er menn hafa gert sér um lífið og óendanleik þess, er í því fólgin að órjúfandi samband sé milli vitsmunavera á ýmsum hnöttum. Svo máttugt er þetta samband, að jafnvel hinar dýpstu fjarlægðir himingeimsins geta ekki komið í veg fyrir möguleika þess og svo víðtakt er það, að enginn hnöttur, þar sem hugsandi vitverur eiga heima, getur staðið fyrir utan það. Það er hið mikla samband lífsins um gjörvallan heim, frá hinni minnstu stjörnu til hinna mestu, “frá geislans braut frá yzta pól, þar sem lífið hefur numið land”.

“Lífssambandið milli hnattanna er við verur, sem lengra eru komnar í góðu, sem lengra eru komnar í illu og við þær, sem líkt er á komið fyrir”, (bls 38). Hin þroskaðri og samstilltari mannkyn eru sífellt að leitast við að lyfta hinum upp á við í áttina til vizku og samræmis. Takmarkið er fullkomin samstilling hins góða vilja í heiminum. Öll veröldin á að stefna einhuga að þessu marki, samræmi, vizku og fegurð. “Einungis þar sem lokið er öllum vilja á að gera öðrum ilt, verður stefnt til hins mikla sambands”, (bls 112).

En án þekkingar er þetta ekki hægt. Pekking á þessu markmiði alls lífs er höfuðnauðsyn til þess, að hin óþroskaðri mannkyn geti þegið þá hjálparhönd, sem þeim er rétt handan yfir djúp himingeimsins. Mannkyn, sem skortir þessa þekkingu eða hafnar henni, með öðrum orðum mannkyn, sem ekki þekkir sína spámenn er á vegi glötunar og dauða og vaxandi spillingar. Samstilling hinna góðu krafta, er svo skammt á veg komin að það getur ekki tekið á móti æðri verum, það er þroskaðri mannkynjum. Það hefur aðeins samband við “verur, sem lengra eru konar í illu, eða líkt er á komið fyrir”. Slik eru mannkyn sundurlyndis styrjalda - og trúarbragða.””Hjá slíkum mannkynjum skapast trúarbrögð af fjarskynjunum og hugmyndum, sem stafa af lífssambandinu milli hnattanna. Áhrif frá lífi á hnöttum, þar sem verið er á samræmisbrautinni, eða ekki mjög fjarri henni, skapa trúarhugmyndir um himnaríki og sælu, sem hinir trúuðu eigi í vændum. En af áhrifum frá hnöttum, þar sem lengra er komið á vísbrautinni sprettur trú á kvala-staði og eilifar refsingar í öðrum heimi” (bls 38-39).

Hin mesta nauðsyn mannkynsins hér á jörð er að vaxa svo að vizku og þroska, að það geti tekið á móti hjálp frá þeim, sem lengra eru komin á veginum til lífsins. Stefna til nánara bræðralags og kærleiksríkara hugarbels, færa sér í nyt öll ný sannindi og verða þar með en ekki móti.

“Leitin að sannleikanum og leitin að guði er eitt og hið sama”, eins og komist er fallega að orði í ávarpi útgefanda hins nýja, frjálslynda mánaðarrits um kristindóm og trúmál. Þessa leit ber oss að styðja af alefli unz hinu mikla takmarki er náð, sambandi lífsins um gjörvallan heim á grundvelli bróðernis og kærleika sem stefnir til æ meiri fullkomnumar í því, sem gott er og fagurt. “Oss er óhætt að lita til framtíðarinnar með mikilli eftirvæntingu, því að þegar þessu máli er komið í rétt horf, þegar jörð vor er komin í hið mikla stjörnusamband, þar sem vizka er sezt í hásæti og miskunnsemin við hlið hennar, þá hefst vorið fyrir lífið í þessu heimkynni voru, (Dr. Helgi Pjeturss í Lögréttu 12. jan. 1927).

Framvindustefnunar í heiminum eru tvær. “Annað er hin góða stefna, lífsstefnan, guðsstefnan, stefna vaxandi samstillingar allra krafta, ávalt aukandi vits og afls og fegurðar. Hitt er hin illa stefna, stefna hinnar vaxandi þjáningar, helstefna, vítisstefna,” (bls 95).

Að skilja þetta er eitt af undirstöðuatriðum. Einkenni hinnar góðu stefnu er friður og einnig, vizka og kærleikur. Hver og einn getur neytt krafta sinna til fulls fyrir hið góða málefni og viljinn til illra verka hverfur.

Einkenni helstefnunnar er sundrung og ófriður, styrjaldir, dráp og sníkjulíf (parasitismus). Þar sem sú stefna ræður, lífláta þjóðirnar sína spámenn, hið góða á erfitt uppdráttar og sannleikurinn er sveltur inni. Trúarbrögð og kennisetningar (dogma) ráða yfir hugunum og tálma frjálsri hugsun, ýmist með því að bannfæra hana, þegar hún kemur fram, eða með því að svæfa samvizku og láta menn fela kirkju og klerki alla umsjá með sálum sínum. Það er fljótséð hvor stefnan ræður á vorri jörð. Það er hin illa stefna, sem leiðir til fullrar glötunar og dauða, ef ekki er snúið til réttrar áttar. Og því lengur, sem þannig er haldið áfram, því örðugri verður viðreisnin, en fyrsta skilyrði hennar er einmitt að átta sig, finna hvert stefnir. Og þá er að vilja hjálpa lífinu til að sigrast á hinum grimma dauða, stefna til hins mikla sambands alls lífs, “þar sem vizkan er setzt í hásætið og miskunnsemin við hlið hennar”.

Petta, sem hér er sagt, þótt á ófullnægjandi hátt sé, er aðalkjarninn í kenningum Dr. Helga. En fjölda margar aðrar merkilegar nýungar hefur Nýall að flytja. Meðal annars skýringar á eðli drauma og sambandsástandi miðla, sem eru harla merkilegar. Yfirleitt kemur þar fram ný heimsskoðun, ný heimsfræði (Kosmologia), sem virðist fullkomnari en annað, sem komið hefur fram í því efni og veita lausn á fleiri vandamálum og ráðgátum lífsins.

Hér er ekki tækifæri til að greina rök þau, er kenningar þessar byggjast á. En þau eru mörg og víða fundin og svo öfslug, að ekki virðist verða á móti mælt. Enda munu menn verða því óhneigðari til mótmæla, sem bókin er vandlegar lesin og betur skilin. Vil ég hvetja menn fastlega til að lesa Nýal og kynna sér þau rök, sem hann hefur fram að færa. Skal það tekið fram, að þar er verið að vísa leið út yfir öll trúarbrögð - setja vísindi í stað trúar. Þar koma fram nýjar sannanir fyrir ódauðleik mannssálarinnar og þeim undramætti, sem hún er gædd, þar sem hún getur brúað hina breiðu móðu ljósvakans og lifað eftir dauða líkamans á stjörnu, sem henni er skyld.

Petta er sannur fagnaðarboðskapur fyrir oss langþreytta farmenn á hinu litla jarðarfleyi, það er vitinn, sem forðar oss frá strandi í boðaföllum myrkurs og efasemda. Þvílíkur fögnumur má það vera góðum mönnum að eiga þá vissu, að framtíðarheimkynni þeirra verði ný jörð, þar sem fagrir og góðir menn lifa og starfa í vizku og kærleika!

Orð völvunnar koma ósjálfrátt upp í huga mínum:

*Sal sér hon standa
sólu fegri
gulli þaktan
á Gimléi
þar skulu dyggvar
dróttir byggva
og af aldrdaga
yndis njóta.
(Úr Völuspá)*

Slík mætti jörð vor verða, ef guðstefnan yrði tekin. Og slík mun hún verða þegar villuljósin eru horfin, þegar vizkan og kærleikurinn eru komin í stað fávizku og fordóma, eicingirni og sundurlyndis - og vísindi í stað trúar. Ég ætla að ljúka máli mínu, með síðustu setningunum í fyrra hefti Nýals, (bls. 111-112). Mun það engum dyljast, að þar er talað af þekkingu og góðvild.

“Grunlausir ganga menn leiðina til glötunar. Hatrið ólgar milli einstaklinganna, milli stéttu hinna einstöku þjóðfélaga, og milli þjóðanna. Nú þegar eru menn teknir að undirbúa næstu styrjöld á ennþá stórkostlegri hátt en þessi hefur verið undirbúin. En styrjaldirnar svara í mannfélagi til sóttar í líkama. Þá brýst ferlegast út í framkvæmd allur misskilningurinn á lífinu, allar hinar röngu hugmyndir, þá er þverast stefnt gegn því, sem þarf að vera ef tilgangi lífsins á að vera náð. Þá er fjarst verið því að stefna áleiðis til þeirrar lífheildar, sem verður, þegar enginn hugsar rangt um annan og enginn vill öðruvísi en vel. Fyrir löngu hefur menn grunað, að friður allra manna á milli, mundi verða böls - endir, einkenni annars ástands á jörðu hér, og góðs. Hitt hafa menn ekki vitað, þó að undarlegt megi virðast, að trúarbrögð geta ekki fært mannkyninu friðinn. Einungis þekkingin getur það, sú þekking sem gerir mönnum skiljanlegt, svo að þar þarf engrar trúar við, hvernig framtíð þeir skapa sér, sem vilja verða frægir og miklir á því að baka öðrum böл, og hvernig einungis þar, sem lokið er öllum vilja á að gera öðrum illt, verður stefnt til hins mikla sambands.”

Ofanrituð grein er rituð af góðri þekkingu og góðvild höfundarins Guðna Jónssonar.

Um stærð og mikilleika heimsins

Menn gera sér sjaldan grein fyrir stærð og mikilleika heimsins. Ljósár er margfeldi sekúndna á einu ári sinnum ljóshraðinn 300.000 km á sekúndu. Það eru 31.557.600 sekúndur í einu ári og það margfaldað með brjúhundruð þúsund til að fá leið ljóssins í kílómetrum á ári.

Með 200 þumlunga stjörnusjánni á Mt. Palomar sjá menn 2000 milljón ljósár út í alheiminn, heim með óteljandi vetrarbrautum.

Í okkar vetrarbraut einni eru hundrað þúsund milljón sólstjörnur. Öll líkindi eru til að mörgum þessum solum fylgi reikistjörnur sem myndi sólkerfi á borð við það sem jörðin er í.

Með hugann við ásækni lífsins í efninu hér á jörð við mismunandi aðstæður, allt frá fimbulkulda til hvera og vitandi um allt þetta efni í alheiminum, getur maður skilið eftirfarandi tilvitnanir. Í ritgerðinni - Á annari stjörnu - segir:

Í sannleika má einn hnöttur heita heimskuvíti, meðan jafnvel þeir sem fróðastir þykja, vita ekki að þetta samband á að verða, og ímynda sér jafnvel, að ekki sé líf til nema á einum hnetti, sem er minna í samanburði við allar aðrar stjörnur en einn dropi í sjónum er við hafið allt.

Úr ritgerðinni - Stækandi heimur - í Ennýjal er þetta:

Heimspekingar og trúfræðingar eru í vandræðum með öll þessi óköp af stjörnum. Jafnvel stjörnufræðingunum sjálfum, finnst hálf í hvoru, að þessir fjarlægu stjörnuheimar séu eiginlega mönnunum óviðkomandi. Alheimslíffræðin er ekki í neinum vandræðum með stjörnugrúann. Hinn óumræðanlegi mikilleiki heimsins sýnir oss fram á hina óumræðilega miklu möguleika lífsins. Menn hafa ekki skilið samband lífsins við efnið. Lífið er tilraun til að koma efninu á hærra stig, gera úr því það sem gert verður, leiða í ljós nýja möguleika hins óendantlega. Pessi tilraun er ærið vandasöm, og tekst á köflum ekki, og heitir helvítí, þar sem mistekst allraverst, þar sem andúð og andstilling nær hámarki. En þó er það einungis um stundarsakir. Fyr eða síðar verður öllu komið á rétta braut.

Hið tímalausa samband

Íslensk heimspeki byggir meðal annars á því að heimurinn sé einnig þess eðlis að í honum gerist fyrirbæri þar sem tími og fjarlægðir eru ekki til í hefðbundnum skilningi.

Í bókinni - Heimsfræði dr. Helga Pjeturss - sem er í vinnslu handrits hér á Heimspekistofu dr. Helga Pjeturss þegar þetta er ritað, verður rætt um hið tímalausa samband eins og því er lýst í orkudeilakenningu og vísindamönnum síðustu ára hefur tekist að sanna með tilraunum.

Samantekið í maí 1993

Benedikt Björnsson

Tilvitnun í Nýal

“Miljarðar af frumum hafa fyrir samband sín á milli orðið að líkama, sem er ótrúlega miklu merkilegri en eðli hverrar einstakrar frumu virðist gefa ástæðu til að ætla að orðið gæti. Og sambandsviðleitninni er haldið áfram á hærra stigi. Eins og stefnt var til sambands milli þúsunda miljóna af frumum, þannig er stefnt til sambands milli þúsunda miljóna af frumufélögum. Og veran, sem kemur fram, mun verða ótrúlega miklu merkilegri en eðli hvers einstaks frumufélags, hvers einstaks manns, virðist gera ástæðu til að ætla, að orðið geti. Og það er stefnt til sambands, eigi einungis milli hundraða og þúsunda miljóna á einum hnetti, heldur milli alls hins óumræðilega fjölda af lifandi verum í óteljandi sólhverfum og vetrarbrautum. Og einstaklingseðlið mun ekki hverfa, heldur fullkomnast fyrir sambandið.